

# AFREKS- OG ÓLYMPÍUSVIÐ ÍSÍ



## ÓLYMPÍULEIKAR



Ólympíuleikar eru stærsta og mesta íþróttahátíð heimsbyggðarinnar. Ísland tók fyrst þátt á Sumarólympíuleikunum í London árið 1908 og Vetrarólympíuleikunum í St. Moritz árið 1948.



Næstu Sumarólympíuleikar fara fram í Tókýó í Japan 24. júlí - 9. ágúst árið 2020. Keppt verður í 324 keppnisgreinum 33 alþjóðasársambanda. Keppendafjöldi er áætlaður rúmlega 11.000 frá 206 löndum.



Næstu Vetrarólympíuleikar fara fram í Peking í Kína 4. - 20. febrúar árið 2022. Í Peking verður keppt í 102 keppnisgreinum í 15 íþróttagreinum. Peking verður fyrsta borgin til að halda bæði sumar og vetrar Ólympíuleika en sumarleikar voru haldnir í borginni árið 2008.



Sumarólympíuleikarnir 2024 fara fram í París í Frakklandi 26. júlí - 11. ágúst. Keppt verður í 306 keppnisgreinum og er keppendafjöldi áætlaður um 15.000.



Vetrarólympíuleikarnir 2026 munu fara fram í Milanó og Cortina á Ítalíu frá 6.- 22. febrúar.

Fyrir neðan má sjá íslensku keppendurna á Vetrarólympíuleikunum í PyeongChang 2018 og á Sumarólympíuleikunum í Ríó 2016.







# ÓLYMPÍULEIKAR UNGMENNA (YOG)

Á Ólympíuleikum ungmenna er keppt í íþróttagreinum þeirra alþjóðasársambanda sem eru með keppnisgreinar á Ólympíuleikum. Aldur keppenda er 15-18 ára. Fyrstu sumarleikar YOG fóru fram í Singapore árið 2010. Fyrstu vetrarleikarnir fóru fram í Innsbruck árið 2012. Ísland hefur átt keppendur á leikunum frá upphafi. Í Nanjing í Kína 2014 vann íslenska drengjalandslíðið bronsverðlaun í knattspyrnu. Vetrarleikarnir 2016 fóru fram í Lillehammer í Noregi og sumarleikarnir 2018 í Buenos Aires í Argentínu. Þar sigraði Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir í 200m hlaupi og er það í fyrsta sinn sem að íslenskur keppandi vinnur til gullverðlauna á leikum á vegum Alþjóðaólympíunefndarinnar.

Markmið leikanna er að sameina besta unga íþróttafólk heims í keppni og leik við bestu hugsanlegu aðstæður. Boðið er uppá öfluga kynningu á Ólympíuhugsjóninni og áhersla lögð á að þróa menntun og mat á ólympískum gildum auk þess að ræða um þær ógnanir sem steðja að samfélaginu í dag. Þá er markmiðið að kynna enn frekar íþróttir ungmenna og efla þátttöku í íþróttastarfi á heimsvísu.

Fyrir neðan má sjá Guðbjörgu efsta á verðlaunapalli í Buenos Aires og íslenska keppnishópinn.



LAUSANNE  
2020  
Youth Olympic Games



Næstu vetrarleikar YOG fara fram í Lausanne í Sviss 10. - 22. janúar 2020. Sjö alþjóðasársambönd verða með keppnisgreinar á leikum, en heildarfjöldi keppenda verður tæplega 1.900.



Næstu sumarleikar YOG fara fram í Dakar í Senegal árið 2022.



# EVROPULEIKAR

Evrópuleikarnir fara fram á fjögurra ára fresti að sumri til. Keppt er í um tuttugu íþróttagreinum. Keppni stendur yfir í 17 daga og taka um 6.000 íþróttamenn frá Ólympíuþjóðum Evrópu þátt. Árið 2015 fóru fyrstu leikarnir fram í Bakú í Azerbaídsjan og árið 2019 fóru aðrir leikarnir fram í Minsk í Hvíta-Rússlandi.

Hér til hliðar má sjá hluta af hópnum sem fór til Minsk.



# SMÁÞJÓÐALEIKAR



Smáþjóðaleikar eru íþróttakeppni smáþjóða Evrópu. Um 1.000 keppendur taka þátt í leikum, sem fara fram annað hvert ár á heimavelli einherrar af níu smáþjóðunum sem að leikum standa. Næstu leikar fara fram í Andorra í maí/júní 2021. Hér fyrir neðan má sjá íslenska hópinn í Svartfjallalandi 2019.







# ÓLYMPÍUHÁTÍÐ EVRÓPUÆSKUNNAR

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar er íþróttahátíð fyrir evrópsk ungmenni á aldrinum 14-18 ára. Hátíðin er haldin á oddatölu ári, bæði vetrar- og sumarhátíð. Íþróttagreinarnar eru tíu á hvorri hátíð fyrir sig. Hátíðin hefur verið mikilvæg fyrir ungt íþróttafólk álfunnar í gegnum tíðina. Margir af fyrri keppendum á hátíðinni hafa síðar náð alla leið á efsta getustigi í sínum greinum.

Næsta vetrarhátíð fer fram í Voukatti í Finnlandi 6. - 13. febrúar árið 2021.

Næsta sumarhátíð fer fram í Banská Bystrica í Slóvakíu 24. júlí - 1. ágúst árið 2021.

Fyrir neðan má sjá íslenska hópinn á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Bakú 2019.



Fleiri verkefni á vegum Afreks- og Ólympíusviðs má sjá á vefsíðu ÍSÍ undir *Afreksíþróttir*.

ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
Engjavegur 6  
104 Reykjavík

Sími: 514 4000  
Netfang: [isi@isi.is](mailto:isi@isi.is)  
Vefsíða: [www.isi.is](http://www.isi.is)



Afreks- og Ólympíusvið

Nóvember 2019